

DEILISKIPULAG SKÓGAHVERFIS - ÁFANGI 3A. Breyting, Akralundur 28-30.



Greinargerð

Nýtingu lóðar nr. 28-36 við Akralund er breytt þannig að í stað raðhúss með fimm íbúðum koma þrjár lóðir fyrir einbýlishús.

Í gildandi deiliskipulagi er þétt byggð raðhúsa beggja vegna Akralundar með bílastæðum/innkeyrslum hornrétt á götuna. Akralundur er e.k. safngata annars og þriðja áfanga Skógahverfis og verður með nokkuð meiri umferð en aðrar húsagötur. Með breytingunni er innkeyrslum suðaustan götunnar fækkað úr fimm í tvær og mun það hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi og afkastagetu Akralundar.

Lóðirnar við Akralund 28 og 30 verða nokkuð minni en aðrar einbýlishúsalóðir í skipulagsáfanganum. Skilmálar eru óbreyttir og er áfram gert ráð fyrir einnar hæðar húsum á lóðunum.

Húsnúmerum er breytt í til samræmis við breyttar lóðir. Hornlóð við Skógarlund verður nr. 2 og breytast því önnur húsnúmer við götuna.

Breytingin hefur jákvæð áhrif á umferðaröryggi á svæðinu. Hún er í samræmi við yfirbragð og skipulag hverfisins og hefur engin áhrif á hagsmuni annarra íbúa eða lóðarhafa hvað snertir útsýni, skuggavarp eða innsýn. Hún varðar fyrst og fremst hagsmuni Akraneskaupstaðar þar sem íbúðum er fækkað um tvær. Breytingin telst því óveruleg og er gerð án grenndarkynningar samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.

GILDANDI SKIPULAG




BREYTT SKIPULAG

Deiliskipulagsbreyting þessi er gerð með vísan í
3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn
þann _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar
var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.



MKV. 1:1.000

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf. arkitektar fai <small>KAUPANGI VÍMÝRARVEG 600 AKUREYRI SMÍÐ 401 5508 NETFANG: smi@teikna.is www.teikna.is</small>	Skógahverfi, Akranesi. Áfangi 3A	
	Akralundur 28-36. Breyting á deiliskipulagi	VERK 18-480 BLAÐ 05
HANNAÐ	TEIKNAD áó	DAGS. 7.6.2021
KVARÐI 1:1.000 Bláðstærð A3		BREYTT